

7. desember 1978.

887

Nr. 426.

REGLUGERÐ

um eftirgjöf á hinu fasta ársfjórðungsgjaldi fyrir venjulegan síma
hjá elli- og örorkulífeyrisþegum.

1. gr.

Póst- og símamálastofnun skal fella niður hið fasta ársfjórðungsgjald af venjulegum síma hjá elli- og örorkulífeyrisþegum, með þeim skilyrðum, sem sett eru í reglugerð þessari.

2. gr.

Umsókn um niðurfellingu ársfjórðungsgjalds skal vera á sérstöku eyðublaði, réttilega útfylltu og undirrituðu. Eyðublaðið skulu afhent ókeypis í Starfsmannadeild Póst- og símamálastofnunar og á póst- og símastöðvum.

Allar slíkar umsóknir skulu sendar Starfsmannadeildinni, sem kannar aðstæður og afgreiðir málið síðan, sé skilyrðum reglugerðar þessarar fullnægt.

3. gr.

Skilyrði til að ársfjórðungsgjald megi fella niður eru:

- a) Að viðkomandi elli- og örorkulífeyrisþegi njóti óskertrar uppbótar á elli- eða örorkulífeyri (tekjutrygging), samkv. 19. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar.
- b) Að umsækjandi búi einn í íbúð, eða sé hann í hjónabandi eða öðru sambýli, þá uppfylli hver einstaklingur kröfur reglugerðar þessarar. Umsækjandi telst þó uppfylla skilyrði þessarar greinar, enda þótt fólk undir tvítugsaldri dveljist á heimilinu.
- c) Að ekki sé annar sími í íbúðinni.

4. gr.

Heimild til niðurfellingar gjalds samkvæmt reglugerð þessari nær aðeins til hins fasta ársfjórðungsgjalds síma samkvæmt gjaldskrá en ekki til annarra gjalda, hvorki stofngjalda, gjalda vegna umframsímtala, aukabúnaðar, né annarra gjalda en fasts ársfjórðungsgjalds, sem nú eru í gildi eða síðar kunna að verða sett með gjaldskrá.

Rétthafar síma samkvæmt gjaldskrá þessari skulu hlýta almennum skilmálum um innheimtu símagjalda o. fl.

5. gr.

Þótt réttur elli- og örorkulífeyrisþega til að fá hið fasta ársfjórðungsgjald síma felld niður, sé viðurkenndur, fær hann ekki forgangsrétt til að fá síma umfram aðra umsækjendur.

6. gr.

Skyld skal rétthafa síma, er fengið hefur ársfjórðungsgjald felld niður, að tilkynna Starfsmannadeild Póst- og símamálastofnunar þær breytingar, sem á högum

hans kunna að verða og raskað geta forsendum fyrir gjaldfrelsi hans. Misnotkun eða rangar upplýsingar varða missi réttinda samkvæmt reglugerð þessari.

7. gr.

Tryggingastofnun ríkisins lætur Póst- og símamálastofnun ársfjórðungslega í té skýrslu um þá elli- og örorkulífeyrisþega um land allt, sem óskertrar tekju-tryggingar njóta, sbr. a.-lið 3. gr. reglugerðar þessarar.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt 1. gr. 1. nr. 24 23. maí 1975, um breyting á lögum nr. 30/1941, um fjarskipti, til að öðlast gildi frá 1. janúar 1979 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 7. desember 1978.

Ragnar Arnalds.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

um tollafgreiðslugengi.

Fjármálaráðuneytið hefur ákveðið að nýta heimild í 11. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., til þess að ákveða, að það sölugengi krónunnar, sem skráð er hér á landi við opnun banka þann 28. hvers mánaðar (eða næsta vinnudag þar á eftir, ef ekki er opið í banka þann dag), skuli gilda við ákvörðun tollverðs næsta almanaksmánuð þar á eftir. Ákvörðun þessi gildir fyrst um sinn og uns annað kann að verða ákveðið, þó þannig að verði veruleg breyting á gengi íslenskrar krónu gagnvart erlendri mynt, skal við tollafgreiðslu strax á eftir miðað við nýja gengið.

Ofangreind ákvörðun er bundin þeirri forsendu, að venjuleg gengisskráning sé fyrir hendi í hérlendum bönkum, enda fellur móttaka tollskjala niður, þegar gengi íslenskrar krónu er ekki skráð.

Ákvörðun þessi tekur gildi 1. janúar 1979 og skal skráð sölugengi hinn 28. desember 1978 gilda sem tollafgreiðslugengi fyrir janúar 1979.

Fjármálaráðuneytið, 8. desember 1978.

Tómas Árnason.

Sigurgeir A. Jónsson.

REGLUGERÐ

um heimavistir grunnskóla.

I. KAFLI

Heimavistir.

1. gr.

Til umsjónarstarfa í heimavistum grunnskóla telst allt eftirlit með nemendum utan kennslutíma svo sem í heimavist, í borðsal, í útivist, í lestímum og við félagsstörf.